

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1078

Dagsetning: 26. ágúst 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) sat fundinn undir liðum 1-5 á staðnum og liðum 6-7 í gegnum fjarfundarbúnað, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafi og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi sátu fundinn undir liðum 2 og 3. Elfur Logadóttir, framkvæmdastjóri ERA, og Ingunn Sigurgeirsdóttir, mannauðsráðgjafi og persónuverndarfulltrúi HH, sátu fundinn undir lið 4.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 12. ágúst 2025 og 19. ágúst 2025 voru teknar til umræðu og samþykktar samhljóða.

2. Stjórnendafræðsla næsta vetur

Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafi og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi komu á fundinn og fóru yfir tillögur að fyrirkomulagi stjórnendafræðslu næsta vetur. Framkvæmdastjórn samþykkti tillögurnar.

3. Fræðslukerfi

Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafi og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi komu á fundinn til að ræða kaup á fræðslukerfi. Framkvæmdastjórn óskaði eftir því að kannað yrði hvort fræðslukerfið Edda, sem Landspítalinn notar, mundi henta HH áður en tekin verði ákvörðun um kaup á kerfi.

4. Staða persónuverndarmála

Elfur Logadóttir, framkvæmdastjóri ERA, og Ingunn Sigurgeirsdóttir, mannauðsráðgjafi og persónuverndarfulltrúi HH, komu á fundinn til að fara yfir stöðu á vinnu tengt persónuverndarmálum. Lagðar voru fram tillögur um að ráða verkefnastjóra hlítningar í tímabundna stöðu til að sinna persónuverndarmálum, auk þess að auka starfshlutfall persónuverndarfulltrúa í 50 prósent.

5. Samningur við Careflux

Rætt var um drög að þróunarsamningi við Careflux um hagnýtingu gervigreindar við veitingu heilbrigðisþjónustu. Framkvæmdastjórn samþykkti samningsdrögin.

6. Fjárhagsstaða HH

Farið var yfir rekstrarniðurstöðu HH eftir fyrstu sex mánuði ársins.

7. Mannauðsmál

Farið var yfir stöðu ýmissa verkefna á mannauðssviði þar sem SKP er að láta af störfum. SJ mun taka við starfinu tímabundið til áramóta þar til ráðið hefur verið í stöðuna.

Aðgerðir og verkefni

- Setja þarf stjórnendafræðslu af stað, sjá lið 2.
Ábyrgð: SJ
- Kanna þarf áfram hvaða fræðslukerfi hentar HH best, sjá lið 3.
Ábyrgð: SJ
- Ræða þarf áfram stöðu persónuverndarmála og framhaldið, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM
- Undirrita þarf samning við Careflux, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM

Fundi frestað klukkan 10. Fundi fram haldið klukkan 11:30. Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 12:30.